

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 44/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 29/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB frá 16. desember 1996 um verndun ökumanns
og farþega í vélknúnum ökutækjum við högg að framan og breytingu á tilskipun
70/156/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 45u (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/27/EB) í I.
kafla II. viðauka við samninginn:

„45v. **396 L 0079:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB frá 16. desember 1996
um verndun ökumanns og farþega í vélknúnum ökutækjum við högg að framan og
breytingu á tilskipun 70/156/EBE (Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 310, 19. 11. 1998, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19. 11. 1998, bls. 211.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0079:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB frá 16. desember 1996 (Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7).”.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

